

Alþingi
Erindi nr. P 139/1132
komudagur 12.1.2011

12.1.2010

Menntamálanefnd

Umsögn um tillögu til þingsályktunar þskj.91 mál 86, um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla.

Undirritaður Jóhann Björnsson (0401665649) heimspekikennari við Réttarholtsskóla fagnar áhuga þingmanna á að auka og efla hlut heimspekinnar í skólum landsins. Heimspeki hefur nú þegar verið kennd í nokkrum skólum sem valgrein um nokkurt skeið og við Réttarholtsskóla hefur greinin bæði verið kennd sem valgrein en einnig sem skyldufag í 8. bekk um nokkurt skeið.

Þó vissulega megji færa góð rök fyrir gagnsemi heimspekikennslu þá er ekki þar með sagt að með innleiðingu fagsins sem skyldufags sé björninn unnin. Heimspeki er vandasamt fag í kennslu og það má kenna á ýmsan hátt. Það er hægt að kenna heimspeki þannig að það hafi á engan hátt áhrif á færni nemenda til gagnrýnnar hugsunar (t.d. með áherslu á fræðilega þekkingu en ekki færni). En til þess að fagið sé kennt í því skyni að efla með nemendum færni í gagnrýninni hugsun og vandaðri síðferðilegri hugsun er ljóst að mikið undirbúningsstarf þarf að vinna áður en fagið verður gert að skyldufagi.

Ef fagið verður gert að skyldfagi á næstu 12-24 mánuðum óttast ég að fagið verði í höndum kennara sem ekki hafa þekkingu, né færni til að kenna fagið. Ég tel réttast að fresta því um óákveðinn tíma að innleiða fagið sem skyldufag en setja þess í stað á fót starfshóp sem vinna mun að því hvernig fagið verði innleitt í skólana, en fyrst og fremst þarf að þjálfra kennara.

Þó nemendum verði gert að leggja stund á heimspeki er það ekki endilega sjálfgefið að búið verði til um það sérstakt fag sem kenna skal í ákveðinn kennslustundafjölda á viku. Útfærslan gæti einni verið sú að heimspeki verði hluti af móðurmálskennslu, en slíkt fyrirkomulag kannast ég við frá Frakklandi. Þar samanstanda móðurmálsbækur af þáttum eins og lestri, ritun, stafsetningu, málfræði og heimspeki.

Það eru semsagt ýmsar hliðar málsins sem skoða þarf mun betur áður en fagið verður gert að skyldufagi.

Virðingarfyllst

Jóhann Björnsson

Heimspekikennari við Réttarholtsskóla